

Erindisbréf

Samstarfsvettvangur um Lífsgæðasetur St. Jósefsspítala

Starfshópur um framtíð St. Jósefsspítala hefur skilað tillögum sínum til bæjarráðs með tveimur skýrslum sem bæjarráð hefur fjallað um á fundum sínum (19/10/2017 og 25/1/2018). Í tillögum hópsins er lagt til að stofnaður verði samstarfsvettvangur sem myndi hafa yfirumsjón með starfsemi Lífsgæðasetursins.

Hlutverk:

Samstarfsvettvangur mun leiða þá vinnu sem þarf að fara fram til að starfsemi geti hafist í húsinu, sbr. skýrslu starfshópsins frá 25. janúar 2018 „*Framtíðarstefna um notkun St. Jósefsspítala - Næstu skref.*“

Samstarfsvettvangurinn skal vera ráðgefandi við ráðningu verkefnastjóra.

Samstarfsvettvangurinn aðstoðar verkefnastjóra við val á leigutökum. Tryggja skal jafnræði leigjenda í húsinu. Samstarfsvettvangurinn skal í samráði við verkefnastjóra ákveða verkferla og leiða undirbúning að endurbótum í samstarfi við stofnanir bæjarins.

Verkefnastjóri hússins upplýsir samstarfsvettvanginn um rekstrarstöðu hússins, ásamt öðrum upplýsingum sem óskað er eftir.

Mikilvægt er að tryggt verði að áætlanir um viðhald og framkvæmdir séu metnar í samráði við samstarfsvettvang og áætlanir verkefnisstjóra, enda notkun hússins, mjög háð því að húsnæðið standist almennar öryggiskröfur og að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo sem varðandi aðgengi.

Fjármál verða í höndum fjármálasviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar en verkefnastjóra verður úthlutað framkvæmdafé í samræmi við rekstrar- og framkvæmdaáætlanir sem samþykktar eru í fjárhagsáætlun. Stefnt er að því að húsið verði sjálfbært þegar það er komið í fullan rekstur.

Samstarfsvettvangurinn skal vinna á grunna skýrslna starfshóps um mótun framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala frá 19. október 2017 og 25. janúar 2018.

Samstarfsvettvangurinn skal tryggja að ákveðin starfsemi í húsinu verði ekki ríkjandi, í því markmiði að viðhalda til lengri tíma fjölbreytileika hússins í samræmi við skilgreint hlutverk þess sem lífsgæðaseturs.

Skipulag:

Bæjarráð skipar fjóra fulltrúa í samstarfsvettvanginn. Starfsmaður hópsins skal vera frá stjórnslusviði Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Lögð er áhersla á að fulltrúar sem valdir eru hafi þekkingu og reynslu á víðlíka starfsemi frá öðrum vettvangi, þar sem samstarfsvettvangurinn er einnig fagráð hússins.

Kostnaður af starfi samstarfsvettvangs greiðist úr bæjarsjóði.

Skipun samstarfsvettvangsins er til 31. desember 2018.

Bæjarráð skipar eftirtalda í hópinn:

Guðrún Berta Daníelsdóttir

Karl Guðmundsson

Sigríður Björk Jónsdóttir

Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir

Starfsmaður hópsins er sviðsstjóri stjórnslusviðs

Samþykkt í bæjarráði 8. febrúar 2018